

Fundur stjórnar FMR 3. febrúar 2021 kl. 17:00-18:00

Fjarfundur.

Elísabet Siemsen, fór yfir stöðuna á skólahaldi á tímum farsóttar. Fram að þessu hefði skólanum tekist að halda úti kennslu allan tímann, þrátt fyrir sóttvarnartakmarkanir. Allir kennarar væru í kennslu að undanskildum einum, en stundakennari hefði verið ráðinn í hans stað. Ekkert smit hefði komið upp innan skólans. Fundarmenn lýstu áhyggjum af takmörkuðu félagslífi nemenda, sem mikilvægt væri í þroska þeirra á þessu æviskeiði. Kom fram að nemendafélögin væru að gera það sem þau gætu til að halda einhverju starfi áfram, hafa m.a. sett upp viðburðarsíðu.

Rætt var um nýjar reikniaðferðir sem teknar hafa verið upp til að meta fjárþörf framhaldsskólana. Hafa þær aðferðir harðast komið niður á MR. Fjárþörf var áður metin út frá fjölda þreyttra eininga nemenda en nú er horft til fjölda nemenda. Þar sem MR hefur verið með fleiri einingar til stúdentspróf en aðrir framhaldsskólar leiðir þetta til meiri niðurskurðar fjárheimilda hjá MR en hjá öðrum skólum. Er verið að leita leiða til að bregðast við þessari stöðu.

Húsnæðimál skólans voru rædd. Leki væri kominn upp í Casa Christi. Er staðan óviðunandi og sífellt brýnna að finna skólanum framtíðarhúsnæði. Ekkert væri þó að fréttu af þeim málum.

Annað var ekki tekið fyrir.

Fundargerð ritaði Bryndís Kristjánsdóttir